

## Hverfisráð Kjalarness

Ár 2017, fimmtudagurinn 14. desember var haldinn 160. fundur hverfisráðs Kjalarness. Fundurinn var haldinn í Miðgarði og hófst kl. 17:02. Viðstödd voru Sigríður Pétursdóttir, formaður, Ólafur Þór Zoega, Eldey Huld Jónsdóttir, Guðfinna Ármannsdóttir og Hafsteinn Númason, Jóna Björg Sætran, áheyrnarfulltrúi framsóknar- og flugvallarvina. Auk þeirra sat Sigþór Magnússon áheyrnarfulltrúi Íbúasamtaka Kjalarness, Sara Ósk Rodríguez Svönudóttir, verkefnastjóri félagsauðs og frístunda sem einnig ritaði fundargerð. Ámundi V. Brynjólfsson frá skrifstofu umhverfis og skipulagssviði kom á fundinn undir lið 1.

### Þetta gerðist:

#### 1. Fram fer umræða um göngustíg á Brautarholtsvegi

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness telur mjög brýnt að borgarlögmaður ljúki nú þegar afgreiðslu beiðni um eignarnám á landi Hofs og Króks, til borgarráðs vegna lagningar göngustígs meðfram Brautarholtsvegi. Nauðsynlegt er að borgarráð afgreiði málið fyrir áramót og í kjölfarið að eignarnámsnefnd afgreiði málið strax í janúar.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Kjalarness fer þess á leit að Reykjavíkurborg lengi göngustíginn eins og hann er samþykktur meðfram Brautarholti þannig að hann nái a.m.k. út að vegamótunum að Arnarholti og Brautarholti. Vegna mikillar aukningar gangandi og akandi vegfarenda með tilkomu golfvallar í Brautarholti og opunar Arnarholts sem hvort tveggja átti sér stað eftir að göngustígurinn var hannaður er mikil þörf á að lengja stíginn. Telur hverfisráðið það áhyggjuefni að íbúar í Arnarholti og aðrir sem leið eiga um veginn þurfi að ganga þennan hluta vegarins sem er einbreiður og óupplýstur verði stígurinn ekki lengdur.

- Kl. 17.42 vikur Ámundi V. Brynjólfsson af fundi.

#### 2. Lögð fram beiðni, dags. 29. nóvember 2017, um umsögn varðandi Lýðræðisstefnu.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð Kjalarness telur lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, sem barst ráðinu í tölvupósti 29. nóvember 2017, vera áhugaverða og gefa tækifæri til fjölbreyttra samskipta í borgarkerfinu. Ráðið hvetur til þess að unnið verði markvisst að því að ná markmiðum stefnunnar, þ.e. að valdefla borgarbúa þannig að þátttaka þeirra í ákvarðanatöku byggji á góðri upplýsingamiðlun um verkefni. Ráðið telur að núverandi verklag og samskipti innan borgarkerfisins, hvort sem um er að ræða stjórnsýslu og embættismannakerfi eða við kjörna fulltrúa, þurfi að taka breytingum í átt að markmiðunum sem fram koma í lýðræðisstefnunni. Þátttökustíginn virðist vera framsetning sem hentar borgarkerfinu sem rammi um möguleika einstaklinga til að fylgjast með ferli verkefna og hafa áhrif. Sumt af því sem fram kemur í tillögunum er nú þegar virkt svo sem íbúafundur en það er framför ef markmið funda og hvar í þátttökustiganum mál er statt, er skýrt. Þetta verður til mikilla bóta. Hverfisráð Kjalarness bendir á að mikilvægt er að niðurstöðum íbúafunda, t.d. um skipulagsmál sé miðlað eins fljótt og kostur er til íbúa. Dæmi um þetta eru íbúafundur um hverfaskipulag sem nú stendur yfir.

Hvað varðar Gagnsjá Reykjavíkurborgar er nauðsynlegt að kerfið verði aðgengilegt fyrir hinn almenna íbúa, bæði hvað varðar tæknilega hlutann og framsetningu. Takist vel til verður um mikið framfaraskref að ræða.

Hverfisráð Kjalarness telur að það sem fram kemur um borgarafundi og þátttökufjárhagsáætlanagerð sé jákvætt og bendir á að það sé mjög mikilvægt að hafa „raunheimatengingu“ við íbúa um ákveðin verkefni. Þetta er nauðsynlegt bæði fyrir íbúana og stjórnmalamenn og stjórnsýslufólk. Öll hverfi hafa ákveðna sérstöðu en í sambandi við opinbera þjónustu og ekki síður opinberar framkvæmdir eru aðstæður Kjalnesinga ólíkar öðrum hverfum að mörgu leyti. Þess vegna er „raunheimatenging“ brýn og það má alls ekki gerast að netheimar yfirtaki samskipti í borgarkerfinu. Tæknin getur auðveldað aðkomu íbúa að borgarmálefnum á mjög jákvæðan og öflugan hátt, en gleymum ekki að lífið er í raunheimum og kannski ættum við að stilla okkur af og tala um „netheimatengingu“ í stað „raunheimatengingar“.

Ráðið gerir ekki athugasemdir við kaflana um íbúakosningar og samráðsferla og lýðræði á vinnustöðum borgarinnar. Aukið lýðræði og aðkoma fólks að ákvörðunum sem skipta máli fyrir líf þess er af hinu góða. Það sem skiptir máli er upplýsingamiðlun og að ferlar séu skýrir og aðkoma auðveld. Hvað varðar hverfisráð telur hverfisráð Kjalarness það vera jákvætt að ábyrgð og aðkoma hverfisráða að fjármálum og upplýsingamiðlun til íbúa verði aukin. Til þess að svo megi verða þarf að gera töluverðar breytingar á núverandi vinnulagi. Ráðið vonast til að vel takist til við að breyta núverandi vinnubrögðum í átt að þeim markmiðum sem fram koma í stefnunni. Reglur um hlutverk hverfisráða þurfa að verða skýrari en nú er.

Hvað varðar skipan hverfisráða er jákvætt að fulltrúi borgarstjórnar sitji í öllum hverfisráðum. Að öðru leyti er vísað til umsagnar hverfisráðs Kjalarness um skipan í hverfisráð.

Samþykkt.

Fulltrúi sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

- Kl. 18.25 vikur Ámundi Sigþór Magnússon af fundi.
- 3. Lögð fram tillaga frá stjórnkerfis- og lýðræðisráði, dags. 13. nóvember 2017, varðandi skipan í hverfisráð.

Hverfisráð Kjalarness leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð Kjalarness telur að skipan í hverfisráð á vegum borgarinnar sé nauðsynlegur hluti af íbúalýðræði í borginni. Mikilvægt er að styrkja hverfisráðin enn frekar og skilgreina vel hlutverk þeirra. Varðandi skipan í hverfisráð þá styður hverfisráð Kjalarness eindregið að tveir fulltrúar verði kosnir hlutfallskosningu af borgarstjórn og að þessir fulltrúar verði kjörgengnir borgarfulltrúar og fyrstu varaborgarfulltrúar. Hverfisráð Kjalarness hefur fundið fyrir skorti á tengingu við borgarfulltrúa og embættismenn borgarinnar við núverandi skipan ráðsins.

Hverfisráðið er ekki hlynt slembivali úr hópi íbúa hverfisins eins og þriðji liður tillagnanna gerir ráð fyrir.

Meðal hverfisráðsfulltrúa eru skiptar skoðanir um hvort kjósa eigi beinni kosningu tvo fulltrúa meðal íbúa viðkomandi hverfis. Hverfisráðið ítrekar þó mikilvægi þess að sem flestir fulltrúar hverfisráðanna séu íbúar viðkomandi hverfis. Að lokum ítrekar Hverfisráð Kjalarness enn og aftur sérstöðu Kjalarness sem hverfis vegna smæðar þess, legu og mikils dreyfbylis og af þeim sökum telur ráðið mjög mikilvægt að sérstakt hverfisráð verði fyrir Kjalarnes en ekki að það verði hluti af öðru hverfisráði.

Samþykkt.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins

- 4. Lögð fram umsókn um styrkveitingu frá rekstrarfélagi félagsheimilisins Fólkvangs, kt 600913-1070, fyrir byggingu á sviði og kaup á skjávarpa fyrir félagsheimilið.

Samþykkt að veita rekstrarfélagi félagsheimilisins Fólkvagns styrk að upphæð 100.000 kr.

Ólafur Þór Zoega víkur af fundinum undir þessum lið.

**Fundi slitið kl. 18.50**

Sigríður Pétursdóttir

Eldey Huld Jónsdóttir  
Hafsteinn Númason

Guðfinna Ármannsdóttir  
Ólafur Þór Zoega